

28. febrúar 1975.

7

Nr. 5.

L Ö G

um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal til bráðabirgða sérstaka deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóðanna, er féllu í Norðfirði 20. desember 1974.

Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag, og nefnist Norðfjarðardeild.

2. gr.

Hlutverk Norðfjarðardeildar er:

1. Að bæta tjón af völdum snjóflóðanna í Norðfirði.
2. Að greiða kestnað við björgun verðmæta og hreinsun rústa og athafnasvæða.
3. Að stuðla að endurbyggingu atvinnufyrirtækja, sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðunum.

3. gr.

Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs lýtur sömu stjórn og Viðlagasjóður og hefur sömu skrifstofu og starfslíð.

Að því er snertir framkvæmd þessara laga skal stjórn Viðlagasjóðs hafa náð samráð við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila, sem um málefni Norðfirðinga fjalla.

4. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 4/1973 gilda einnig um Norðfjarðardeild.

5. gr.

Á tímabilinu 1. mars 1975 til 31. desember 1975 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um útlagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskattsstofn samkvæmt þessari grein, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagn nefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

Tekjur þessar skiptast þannig, að 32% rennur til Norðfjarðardeildar, en 68% til að mæta skuldbindingum Viðlagasjóðs vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Heimilt er Viðlagasjóði að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

6. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjön, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu.

7. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

**um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana
á hitunarkostnað íbúða o. fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvisitölu. Kauplagnsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 8200 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu